

# Gönguferðir í Hrunamannahreppi 2018

Ferða- og menningarnefnd Hrunamannahrepps kynnir hér gönguferðir sumarsins 2018. Þetta er sautjándi sumarið sem boðið er upp á þessar ferðir. Ferðirnar eru alls sjö. Allar ferðirnar verða á miðvikudagskvöldum í sumar nema ferðirnar 30.06. og 25.08. sem eru dagsgöngur. Frítt er í allar göngurnar en innheimt verður fyrir leiðsögn/akstur í Stóru-Laxár gönguna. Leiðsögumenn í ferðunum í samvinnu við heimafólk verða þau Helgi Már Gunnarsson og Kolbrún Haraldsdóttir, Flúðum. Allir eru hjartanlega velkomnir.

## 1. ferð er 13. júní. Foss – Gildurhagi

Lagt af stað kl 20:00 frá upplýsingaskiltinu um byrgi Fjalla Eyvindar sem er við afleggjarann heim að Jötu. Þetta er létt og skemmtileg leið fram í Gildurhaga sem er mikil náttúruperla. Sagan af Sængurkonukletti verður rifjuð upp. Hér er notalegt að eiga góða kvöldstund í fallegu umhverfi. Létt og auðveld ganga sem tekur u.þ.b. 2-3 klst.

## 2. ferð er 20. júní. Byrgi Fjalla- Eyvindar

Lagt af stað kl 20:00 frá upplýsingaskiltinu um byrgi Fjalla Eyvindar sem er við afleggjarann heim að Jötu. Gengið eftir götum fram Skipholtsfjall og að byrgi (búri) Fjalla-Eyvindar sem er vel falið í landslaginu. Létt og auðveld ganga sem tekur u.þ.b. 2-3 klst.

## 3. ferð er 27. júní. Hörgsholt - Sólheimar

Lagt af stað kl 20:00 frá Sólheimum. Hittumst á planinu við rörahlíðið hjá fjárhúsinu á Sólheimum. Þar verður safnast í bíla og ekið að afleggjaranum heim að Hörgsholti þar sem gangan hefst. Gengið verður að eyðibýlinu Hörgsholti og þaðan meðfram Stóru- Laxá niður að Sólheimum. Skemmtileg og falleg leið þar sem Stóra- Laxá rennur í fallegum gljúfrum. Ganga sem tekur u.þ.b. 3 klst.

## 4. ferð er 30. júní. Foss- Ingjaldshnjúkur- Hildarsel- Fagridalur- Foss, dagsanga

Lagt af stað kl 11:00 frá planinu sem er fyrir framan fossinn áður en komið er heim að bænum Fossi. Þaðan er gengið upp á Tjarnheiði og svo haldið í suðurátt fram á Ingjaldshnjúk þar sem er víðáttumikið útsýni. Þaðan er haldið niður að eyðibýlinu Hildarseli, skoðum Kistufoss í Litlu-Laxá. Göngum síðan Fagradal til baka að Fossi. Ganga sem tekur u.þ.b. 6 klst.

## 5. ferð er 4. júlí. Brúarhlöð – Haukholt

Farið er um Brúarhlöð-Haukholt um Kónsveginn. Lagt af stað kl.20:00 frá Brúarhlöðum og farið um gamla Kónsveginn sem ekki er farinn á hverjum degi. Mjög falleg leið niður með Hvítá þar sem skiptist á beljandi áin í þröngu gljúfrinu og síðan ganga um fallegan birkiskóg. Þægileg ganga fyrir alla aldurshópa. Áætlaður göngutími er 2-3 klst.

## **6. ferð er 11. júlí. Núpstúnskista**

Lagt af stað kl. 20:00 frá hlaðinu í Núpstúni. Gengið inn með fjallinu og fíkrað sig upp á Núpstúnskistu og gengið fram á Nípuna. Falleg leið og nokkuð auðveld ganga sem tekur u.þ.b. 2 klst.

## **7. og síðasta ferð sumarsins 25. ágúst er Stóra-Laxárgljúfur ganga.**

Þetta er dagsganga, u.þ.b. 16 km. Ekið er inn á afrétt Hrunamanna og gengið niður með hinu stórkostlega gljúfri Stóru-Laxár en það er rómað fyrir náttúrufegurð. Endað er við bæinn Kaldbak. Ógleymanleg ganga og er hugsuð sem náttúruskoðun. Gangan er í samstarfi við Upplit menningarklasa uppsveita Árnessýslu. Athugið að það þarf að panta í þessa ferð í síma 6923882/6995178. Gera þarf ráð fyrir einhverjum kostnaði sem verður auglýstur síðar er hann fyrir akstri og leiðsögn.

